

**204. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,
9. ágúst 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2107467 - Skagabraut 23 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn um heimild til að koma fyrir bílskúr (stálgrindahús 8x5m) á lóðinni Skagabraut 23.

Skipulags- og umhverfisráð felur Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

2. 2106076 - Deiliskipulag Grundaskóli við Espigrund- Breyting

Grenndarkynnt var fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi Grundarskóla vegna fyrirhugaðra framkvæmda við skólann. Breytingin felst í að auka núverandi byggingarmagn á lóðinni. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Einigrund 20 til 36 og Espigrund 3 til 15 og Bjarkargrund 2 til 20. Grenndarkynningu lauk 18.7.21 engar athugasemdir bárust.

Engar athugasemdir bárust við grenndarkynninguna. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt send á Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

3. 2104262 - Deiliskipulag - Skógarhverfi áfangi 5

Skógarhverfi, áfangi 5, lögð fram skipulagsgögn til auglýsingar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulag í Skógahverfi, áfanga 5 verði auglýst í samræmi við 41.grein, Skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2104261 - Deiliskipulag - Skógarhverfi áfangi 3C

Skógarhverfi, áfangi 3C, lögð fram skipulagsgögn til auglýsingar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulag í Skógahverfi, áfanga 3C verði auglýst í samræmi við 41.grein, Skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 2107514 - Höfðasel - Fyrirspurn um stækkun lóðar

Fyrirspurn um stækkun á lóðum við Höfðasel 2 og 4, sem felst í að færa lóðarmörk lóðanna u.þ.b. um 22,7m til suðvesturs eða inn á skipulag Flóahverfis.

Skipulags- og umhverfisráð fagnar auknum umsvifum B.M.Vallá á svæðinu. Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið um stækkun lóðar og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

6. 2106126 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áfangi - breyting Beykiskógar 19

Umsókn um að hækka húsið við Beykiskóga 19 um eina hæð, eða úr fjórum í fimm hæða fjölbýlishús.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynna erindið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum að Asparskógum 10,12,13,15 og Beykiskógum 17.

7. 2106178 - Aðalskipulag Akraness - breyting

Breyting á aðalskipulagi Akraness um stækkun á íbúðasvæði fyrir íbúðarkjarna í Jörundarholti. 21 athugasemdir við skipulagslýsingu.

Lagðar fram athugasemdir við skipulagslýsingu. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

8. 2106183 - Aðalskipulag Akraness breyting - Golfsvæði

Breyting á Aðalskipulagi Akraness um reit fyrir hótél á athafnasvæði golfklúbbsins Leynis. Tvær athugasemdir bárust við skipulagslýsingu.

Lagðar fram athugasemdir við skipulagslýsingu. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

9. 2106193 - Suðurgata 50a- Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn til skipulagsfulltrúa frá Runólfi Sigurðssyni byggingatæknifræðingi fyrir hönd lóðarhafa Suðurgötu 50a um að breyta húsinu í eina hæð með risi með tveimur íbúðum og hluti 1. hæðar verði möguleiki á rými fyrir verslun og þjónustu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að byggingarleyfið verði grenndarkynnt skv. 1 mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/210. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum Suðurgötu 45,48,50 og Akursbraut 17,22.

10. 2108030 - Umhverfisviðurkenningar 2021

Kynning á fyrirkomulagi við umhverfisviðurkenningar 2021

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að veita umferfisverðlaun fyrir árið 2021.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.